

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavíkurborg.

Úlfarsárdalur vestur, hverfi 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 31. ágúst 2007 deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal vestur, hverfi 2, 1. áfanga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sóltún 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 9. júlí 2008 breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Ármannsreit vegna Sóltúns 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hátún 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 9. júlí 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Hátúni 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sléttuvegur, lóð B.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 16. júlí 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sléttuveg vegna lóðar B, lóð Hrafnistu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grænlandsleið 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 11. júlí 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt svæði 3 vegna Grænlandsleiðar 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 8. ágúst 2008.

Ólöf Örvarsdóttir.